

Reglur Húnavatnshrepps um styrkveitingar

1. kafli.

Markmið

1. gr.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun sveitarstjórnar. Markmiðið með styrkjum Sveitarstjórnar Húnavatnshrepps er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun samfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi.

2. gr.

Markmiðið með þessum reglum er að samræma styrkveitingar á vegum sveitarfélagsins og stuðla að faglegri afgreiðslu þeirra.

2. kafli.

Ábyrgð

3. gr.

Sveitarstjórn leggur fram tillögu um fjárhæð sem eru framlög til styrkja við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Sveitarstjórn fer með úthlutun styrkja og gerð stærri langtímasamninga.

4. gr.

Sveitarstjóri ber ábyrgð á meðferð styrkumsókna, úthlutun styrkja og gerð samninga samkvæmt gildandi fjárhagsáætlunum.

3. kafli.

Meðferð og afgreiðsla umsókna og erinda

5. gr.

Við meðferð og mat á umsóknum og erindum skal viðhafa góða stjórnsýsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð. Ef um umsóknarfrest er að ræða skal meginreglan vera sú að þær umsóknir einar séu gildar sem berast innan tilsetts umsóknarfrests og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í auglýsingu.

6. gr.

Sveitarstjóri auglýsir eftir umsóknum í samræmi við þessar reglur. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um umsóknarfrest, forsendur styrkveitinga og nauðsynleg fylgigögn auk annarra hagnýtra upplýsinga. Sveitarstjórn getur haldið eftir hluta af samþykktri heildarupphæðar styrkja til að bregðast við umsóknum sem berast utan auglýsts umsóknartímabils, enda sé þá um að ræða umsóknir vegna atburða eða verkefna sem ekki var hægt að sjá fyrir eða skipuleggja í undanfara almennrar styrkjaúthlutunar



7. gr.

Æskilegt er að umsóknum sé skilað á þar til gerðum eyðublöðum sem skulu vera aðgengileg á vef Húnavatnshrepps www.hunavatnshreppur.is og á skrifstofu sveitarfélagsins á Húnavöllum.

Auk almennra upplýsinga um umsækjanda er æskilegt að eftirfarandi upplýsingar koma fram í umsókn:

- Markmið verkefnis eða starfsemi.
- Tíma- og verkáætlun.
- Önnur fjármögnun verkefnis eða starfsemi og gögn því til stuðnings.
- Rekstraráætlun verkefnis eða starfsemi.
- Ársreikningur.

8. gr.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega, með bréfi eða tölvupósti, um afgreiðslu styrkumsóknar og hvenær styrkur kemur til greiðslu ef hann er veittur. Sveitarstjóri þarf að samþykka og skrifa upp á allar styrkveitingar áður en þær koma til greiðslu.

9. gr.

Styrkveiting gildir að jafnaði fyrir yfirstandandi fjárhagsár. Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar af hálfu Húnavatnshrepps nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis. Við gerð slíkra samninga skal ávallt tekið fram að fjárhæðir eru með fyrirvara um framlög af fjárhagsáætlun.

10. gr.

Húnavatnshreppur áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.

11. gr.

Styrkþegar skulu skila greinargerð að verkefni loknu um það hvernig styrkfé hefur verið varið sé þess óskað. Framlög Húnavatnshrepps sem felast í aðstöðu og/eða húsnæði skuli metin skv. reiknireglum Húnavatnshrepps og sveitarfélaga um innri leigu Eignasjóðs og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi starfsári. Þeir aðilar sem njóta styrkja frá Húnavatnshreppi skulu láta þess getið í kynningarefni sínu.

4. kafli.
Gildistaka
12. gr.

Reglur þessar taka gildi frá og með samþykkt í sveitarstjórn.

Reglur þessar voru samþykktar á 181. fundi Sveitarstjórnar Húnavatnshrepps þann 31. ágúst 2016.

Húnavöllum, 31. ágúst 2016


Einar Kristján Jónsson
sveitarstjóri
